

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1398****2021/EES/22/49****frá 5. október 2020****um endurnýjun á leyfi fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuruakefni fyrir hesta og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 886/2009 (leyfishafi er All-Technology Ireland Ltd) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.
- 2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 var leyfð til 10 ára sem fóðuruakefni fyrir hesta með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 886/2009 ⁽²⁾.
- 3) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessa leyfis fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuruakefni fyrir hesta og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 12. nóvember 2019 ⁽³⁾ að við leyfð notkunarskilyrði hafi *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast augnertandi í meðallagi og hugsanlegur húð- og öndunarferanæmir. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin gat ekki komist að niðurstöðu um nýja tillagða lágmarksskammtinn ætti að viðhalda fyrri skömmtum.
- 5) Mat á *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Af endurnýjun leyfis fyrir *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuruakefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerð (EB) nr. 886/2009 úr gildi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 324, 6.10.2020, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 886/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fóðuruakefni fyrir hesta (leyfishafi er Alltech France) (Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 66).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5918.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 886/2009 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. október 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishafa | Aukefni | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarks- aldur | Lágmarks- innihald | Hámarks- innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|--|------------------------------------|---|--|----------------------------|-------------------|--|----------------------|---|-----------------|
| | | | | | | Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni. | | | | | | | | | |
| 4a1704 | All- Technology Ireland Ltd. | <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CBS 493.94 | <p>Samsetning aukefnis Blanda með <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CBS 493.94 sem inniheldur að lágmarki: 1×10^9 CFU/g aukefnis Duft og kornað form</p> <p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins Lífvænlegar frumur <i>Saccharomyces cerevisiae</i> CBS 493.94</p> <p>Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikólglykósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009). Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð) (CEN/TS 15790:2008)</p> | Hestar | - | $1,6 \times 10^9$ | - | <p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskiyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.</p> <p>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.</p> | 26.10.2030 |

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>